

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 71/2005

frá 29. apríl 2005

um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/2004 frá 3. desember 2004 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2086/2004 frá 19. nóvember 2004 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1725/2003 um innleiðingu tiltekinnar, alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar að bæta við IAS-staðli 39 ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2236/2004 frá 29. desember 2004 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1725/2003 um innleiðingu tiltekinnar, alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-staðla) nr. 1 og 3 til 5, alþjóðlega reikningsskilastaðla (IAS-staðla) nr. 1, 10, 12, 14, 16 til 19, 22, 27, 28 og 31 til 41 og túlkanir fastanefndarinnar um túlkanir (SIC-túlkanir) nr. 9, 22, 28 og 32 ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2237/2004 frá 29. desember 2004 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1725/2003 um innleiðingu tiltekinnar, alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar IAS-staðal 32 og túlkun túlkunarnefndar um alþjóðlegu reikningsskilastaðlana, IFRIC-túlkun nr. 1 ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2238/2004 frá 29. desember 2004 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1725/2003 um innleiðingu tiltekinnar, alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal IFRS 1, IAS-staðla nr. 1 til 10, 12 til 17, 19 til 24, 27 til 38, 40 og 41 og túlkanir fastanefndarinnar um túlkanir (SIC-túlkanir) nr. 1 til 7, 11 til 14, 18 til 27 og 30 til 33 ⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 10ba (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003) í XXII. viðauka við samninginn:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 133, 26.5.2005, bls. 31 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 26, 26.5.2005, bls. 22.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 363, 9.12.2004, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 392, 31.12.2004, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 393, 31.12.2004, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 394, 31.12.2004, bls. 1.

- „- **32004 R 2086**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2086/2004 frá 19. nóvember 2004 (Stjtíð. ESB L 363, 9.12.2004, bls. 1).
- **32004 R 2236**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2236/2004 frá 29. desember 2004 (Stjtíð. ESB L 392, 31.12.2004, bls. 1).
- **32004 R 2237**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2237/2004 frá 29. desember 2004 (Stjtíð. ESB L 393, 31.12.2004, bls. 1).
- **32004 R 2238**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2238/2004 frá 29. desember 2004 (Stjtíð. ESB L 394, 31.12.2004, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 2086/2004, 2236/2004, 2237/2004 og 2238/2004, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 20 dögum eftir að hún er samþykkt að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.

(*) Stjómskipuleg skilyrði gefin til kynna.